37. Vífilsstaðahælið.
Fyrstu tildrög að stofnun þess.

2 blöð qto. Reykjavík, 23. nóv.1943.

# Vífilsstaðahælið, fyrstu tildrög þess.

(Úr prentuðu riti frá 1906..)

„... Stofnun Heilsuhælisfélagsins og bygging Vífilsstaðahælisins má telja þýðingarmesta og veigamesta málið, sem Odd-Fellowreglan hefir hrundið í framkvæmd síðan hún var stofnuð í landi hér (1897)..
Á stúkufundi 5. október 1906 hélt G. Björnsson fyrirlestur um berklaveiki hér á landi.

Á næsta stúkufundi á eftir (12. okt.) var lagt fram nefndarálit 5-manna nefndar, er kosin var á fundinum 5. október. Fóru tillögur hennar í þá átt:

1. Að stúkan beiti sér fyrir því að reyna að koma á öflugum vörnum hér á landi gegn berklaveiki.
2. Að stúkan kjósi nefnd til að annast um, að boðað verði til almenns fundar, af sem flestum málsmetandi mönnum í því skyni, að koma á allsherjar félagi með undirdeildum um land allt, eftir því sem nánar verður ákveðið, og sé tilgangur slíks félags að koma upp berklaveikishæli.
3. Að stúkan leggi til, einu sinni fyrir allt, svo ríflegan styrk sem unnt er, og sé það fyrsti vísir í ofangreindu skyni – þessi upphæð sé útveguð með frjálsum samskotum hjá stúkubræðrum“! . . .

## Athugasemdir mínar

Framkvæðið að því, að G. Björnsson flutti fyrirlestur þennan og að hann yrði um þetta efni, átti annar meðlimur stúkunnar, sem þá nýlega hafði gjörzt félagi hennar (og mun ég hafa látið þess

gefið á öðrum stað).

Það var stúkan nr. 1. Ingólfur I.O.O.F. sem fyrir þessu stóð, og á fundinum 5. október voru samskotin hafin meðal þeirra stúkufélaga, er þá voru á fundi; söfnuðust þá á þeim fundi

kr. 1815.- átján hundruð og fimmtán - krónur.

Síðan skiftu samskotin mörgum tugum þúsunda króna.

Nefnd var svo kosin á þessum fundi (12. október)... Voru 12 stúkufélagar kosnir í nefndina. Gekkst nefndin svo fyrir því, að fá ýmsa merka menn utanfélags til þess, ásamt sér, að boða til almenns fundar um málið; var sá fundur haldinn í Bárunni hér í bæ, 13. nóv. 1906, og var það hinn eiginlegi

Stofndagur Heilsuhælisins á Vífilsstöðum.

Reykjavík, 23. nóv. 1943.

J. Pálsson.